

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 996

Dagsetning: 19. september 2023 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Jónas Guðmundsson, Nanna Sigríður Kristinsdóttir (í gegnum fjarfundarbúnað), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkeldsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Sigrún Þóra Sveinsdóttir, leiðtogi sálfræðinga fullorðinna, sat fundinn undir lið 7 og 8. A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi sat fundinn undir lið 10.

Efni fundarins

1. Nýr forstjóri HH

Nýr forstjóri HH tók við fundarstjórn. Hún tilkynnti að Nanna Sigríður Kristinsdóttir hafi tekið tímabundið við flestum verkefnum fagstjóra lækninga til áramóta. Staðan verður auglýst fljótlega. Vildís Bergþórsdóttir, fagstjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslunni Efra-Breiðholti, mun taka tímabundið við stöðu svæðisstjóra stöðvarinnar.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 12. september samþykkt án athugasemda.

3. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

4. Afmæli Geðheilsuteymis vestur

Haldið verður upp á fimm ára afmæli Geðheilsuteymis vestur þriðjudaginn 26. september og er framkvæmdastjórn boðið.

5. Verkefni framkvæmdastjórnar í vetur

Rætt um fyrirkomulag funda framkvæmdastjórnar og önnur verkefni í vetur. Einnig farið yfir hvernig hægt er að nýta heimsóknir framkvæmdastjórnar á starfsstöðvar betur með því að upplýsa betur hvað er rætt í heimsóknunum.

6. Vinnulag sálfræðinga

Sigrún Þóra Sveinsdóttir, leiðtogi sálfræðinga fullorðinna, kom á fundinn og kynnti tillögur á nýju verklagi eftir starfsdaga sálfræðinga. Framkvæmdastjórn tók vel í tillögurnar og vill innleiða þær á stöðvum sem fyrst. Tillögurnar verða kynntar fyrir fagstjórum síðar í vikunni.

7. Hlutverk ÞÍH í geðheilbrigðisþjónustu HH

Umræður um samstarfið við Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu tengt geðheilbrigðismálum. Framkvæmdastjórn telur þörf á að skoða nánar hvernig samráð við HH

og aðrar heilbrigðisstofnanir eigi að fara fram, bæði tengt geðheilbrigðismálum og öðrum málum.

8. Nýtt bréfsefni HH

Nýtt bréfsefni HH sýnt. Framkvæmdastjórn samþykkti að breyta bréfsefninu og varsamskiptastjóra falið að dreifa því á starfsstöðvar.

9. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál. A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi kemur á fundinn til að ræða jólagjafir og fleira tengt jólaundirbúningnum.

10. Nemahátíð HH 2024

Mannauðssvið og samskiptastjóri eru að leggja drög að nemahátíð 8. febrúar 2024. Framkvæmdastjórn samþykkir að halda áfram undirbúningi.

11. Bleikur október – Auglýsingar

SKS er ekki með formlega herferð í október en hugmyndir eru um að aðlaga auglýsingar sem þegar eru til að áttakinu og setja smá kraft í birtingar í október. Framkvæmdastjórn tekur vel í þetta.

12. Auglýsingar fyrir námskeið

Unnin hafa verið drög að auglýsingum fyrir námskeið Heilsubrúar og önnur námskeið sem HH stendur að. Framkvæmdastjórn tekur vel í drögin.

13. Hugmynd að heilsugátt hönnuð fyrir heilsugæslustarfsemi

Umræður um hugmynd að heilsugátt sem hönnuð verður fyrir heilsugæslustarfsemi. Um er að ræða verkefni Þróunarmiðstöðvar Íslenskrar heilsugæslu, Embættis landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Önnur mál

14. Flutningar í Vegmúla

Framkvæmdastjórn var upplýst um að flutningar þriggja geðheilsuteyma í húsnæði í Vegmúla fari fram í þessari viku.

15. Samningur um hýsingu sjúkraskrár

Unnið verður að samningum um hýsingu sjúkraskrár fyrir heilsugæslustöð Höfða á Suðurnesjum í samræmi við óskir heilbrigðisráðuneytisins.

16. Samningur um móttökumiðstöð

Upplýst var um að gera þarf annan samning við Vinnumálastofnun um Heilbrigðisskoðun innflytjenda.